

REG-0293 Reglur um rafræna vöktun í starfsemi Listaháskóla Íslands

REGLUR UM RAFRÆNA VÖKTUN Í STARFSEMI LISTAHÁSKÓLA ÍSLANDS

Listaháskóli Íslands, kt. 421098-4099 (hér eftir „LHÍ“), viðhefur rafræna vöktun með starfsmönnum, verktökum, nemendum og gestum sínum. LHÍ er ábyrgðaraðili vöktunarinnar og tryggir öryggi persónuupplýsinga þeirra sem vöktun sæta.

LHÍ er annnt um að allir sem sæti rafrænni vöktun hafi upplýsingar um hvað felst í vöktuninni og hvaða réttindi þeir eiga í tengslum við vöktunina. Því hefur LHÍ sett sér eftirfarandi reglur um rafræna vöktun. Reglurnar byggja á lögum um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018 og reglum Persónuverndar um rafræna vöktun nr. 50/2023.

1. Rafræn vöktun og umfang hennar

1.1. Myndavélavöktun

LHÍ viðhefur myndavélavöktun á starfsstöðvum sínum sem staðsettar eru í Stakkahlíð 1, Skipholti 31, Laugarnesvegi 91 og Borgartúni 1. Þar til gerð merki gefa til kynna hvaða svæði eru vöktuð. Myndavélar eru eingöngu staðsettar á opnum svæðum.

1.2. Aðgangsstýring

Starfsstöðvar LHÍ eru aðgangsstýrðar fyrir starfsmenn, verktaka og nemendur. Í því felst að starfsmenn, verktakar og nemendur verða að ganga með rafræn kort á sér, sem eru gefin út á nafn hvers einstaklings, og skanna kort til þess að fá aðgang að tilteknum rýmum á starfsstöðvum LHÍ.

1.3. Eftirlit með net- og kerfisnotkun

LHÍ fylgist almennt ekki með netnotkun og kerfisnotkun starfsmanna, verktaka og nemenda. Í undantekningartilvikum kann það þó að vera nauðsynlegt.

1.4. Eftirlit með tölvupósti

LHÍ skoðar almennt ekki tölvupósta starfsmanna og nemenda sem er að finna í þeim tölvupósthólfum sem þeir hafa fengið úthlutað af LHÍ. Í undantekningartilvikum kann það þó að vera nauðsynlegt.

1.5. Hljóðupptaka símtala

LHÍ hljóðritar ekki símtöl.

2. Tilgangur vöktunar og meðalhóf

2.1. Myndavélavöktun og aðgangsstýring fer fram í eftirfarandi öryggis- og eignavörsluskyni:

- Til þess að stýra og hafa eftirlit með því hverjir hafa aðgang að starfsstöðvum LHÍ.
- Til þess að tryggja öryggi gagna og búnaðar sem þar er.
- Til þess að tryggja öryggi starfsmanna, verktaka og nemenda þannig að óviðkomandi hafi ekki greiðan aðgang að þeim.

bls 1

Upplýsingar um skjalið

Tegund:	Regla
Útg.d:	2.10.2025
Útgáfa:	1.0
Áb.maður:	Framkvæmdastjóri
Endurskoðun:	[Endurskoðunardagsetning]



d. Til þess að koma í veg fyrir eignatjón.

- 2.2.** Eftirlit með net- og kerfisnotkun starfsmanna fer fram í eftirfarandi tilgangi:
- a. Til þess að geta sannreynt hvaða einstaklingum starfsmenn fletta upp í kerfum LHÍ og í hvaða tilgangi þegar grunur vaknar um sviksamlegt athæfi eða öryggisbrest, svo hægt sé að grípa til viðeigandi ráðstafana.
 - b. Til þess að LHÍ geti eft öryggisvarnir sínar og viðbrögð við netárásum.
- 2.3.** Eftirlit með tölvupósti
- a. Til þess að tryggja öryggi net- og tölvupjóna.
 - b. Til að sporna gegn því að pósthólf séu notuð í ólögmætum og refsiverðum tilgangi.
 - c. Til að geta gripið til aðgerða ef grunur vaknar að þriðji aðili hafi yfirtekið eða fengið aðgang að pósthólfinu með ólögmætum hætti.
- 2.4.** LHÍ telur að markmiðum með rafrænni vöktun verði ekki náð með öðrum og vægari úrræðum. Við vöktunina gætir LHÍ sérstaklega að meðalhófi og gengur ekki lengra en þörf krefur svo að einkalífsréttur þeirra sem vöktunin beinist að sé virtur. Vöktunin fer eingöngu fram í skýrum, málefnalegum og lögmætum tilgangi.

3. Lagagrundvöllur rafrænnar vöktunar

- 3.1.** Myndavélavöktun og aðgangsstýring fer fram á grundvelli lögmætra hagsmuna LHÍ í tengslum við eigna- og öryggisvörslu, sbr. 6. tölul. 1. mgr. 9. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.
- 3.2.** Eftirlit með net- og kerfisnotkun starfsmanna er nauðsynleg vegna lögmætra hagsmuna LHÍ til að tryggja öryggi og eignavörslu og öryggi net- og upplýsingatækniöryggis, sbr. 6. tl., 1. mgr. 9. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.
- 3.3.** Varðveisla annarra samskipta fer fram á grundvelli lögmætra hagsmuna LHÍ til að tryggja öryggi starfsmanna sbr. 6. tl., 1. mgr. 9. gr. laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga nr. 90/2018.

4. Réttur þeirra sem sæta rafrænni vöktun

- 4.1.** Sá sem sætt hefur rafrænni vöktun á rétt á að skoða gögn sem verða til um viðkomandi við vöktunina. Skoðun skal heimila eins fljótt og auðið er. Þetta á þó ekki við ef réttur þess sem sætt hefur vöktun til að fá að skoða gögnin þykir eiga að víkja að nokkru eða öllu fyrir hagsmunum annarra en hans eigin.
- 4.2.** Jafnframt á sá sem sætt hefur rafrænni vöktun rétt á afriti af þeim persónuupplýsingum um hann sem verða til við slíka vöktun. Rétturinn til að fá afrit skal þó ekki skerða réttindi og frelsi annarra.
- 4.3.** Ef skoða þarf tölvupóst skal gera starfsmanni, verktaka eða nemanda grein fyrir því og honum veitt færi á að vera viðstaddur slíka skoðun, þetta á ekki við ef brýnir hagsmunir mæla gegn. Geti starfsmaður, verktaki eða nemandi ekki verið viðstaddur skoðunina sjálfur skal honum veitt færi á að tilnefnan annan einstakling í sinn stað.

Upplýsingar um skjalið

Tegund:	Regla
Útg.d:	2.10.2025
Útgáfa:	1.0
Áb.maður:	Framkvæmdastjóri
Endurskoðun:	[Endurskoðunardagsetning]

- 4.4. Komi fram beiðni um skoðun gagna sem verða til við rafræna vöktun, skal hafa samband við persónuverndarfulltrúa LHÍ í gegnum netfangið personuvernd@lhi.is.

5. Afhending persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun

- 5.1. Forstöðumenn LHÍ hafa heimild til þess að yfirfara gögn sem verða til við rafræna vöktun ef brýnt tilefni ber til og önnur og vægari úrræði þykja ekki bera sama árangur.
- 5.2. Að öðru leyti en greinir í 5.1. miðlar LHÍ ekki persónuupplýsingum sem verða til við rafræna vöktun nema eitthvað af eftirfarandi eigi við:
- Sá sem rafræna vöktunin beinist að samþykkir það.
 - Persónuupplýsingarnar varða slys eða meintan refsiverðan verknað og eru afhentar lögreglu.
 - Mælt er fyrir um afhendingu persónuupplýsinganna í lögum.
 - Persónuupplýsingarnar eru nauðsynlegar þeim sem rafræna vöktunin beinist að til þess að afmarka kröfu, setja fram kröfu eða verja kröfu vegna dómsmáls eða annarra slíkra laganauðsynja.
 - Ákvörðun Persónuverndar um að heimila afhendingu persónuupplýsinganna liggur fyrir.

6. Varðveisla persónuupplýsinga sem verða til við rafræna vöktun

- 6.1. Persónuupplýsingum sem verða til við myndavélavöktun, aðgangsstýringu og eftirlit með net- og kerfisnotkun starfsmanna LHÍ er eytt eftir 30 daga, nema málefnalegar og rökstuddar ástæður séu til lengri varðveislu, eins og kveðið er á um í 11. gr. reglna nr. 50/2023 um rafræna vöktun.

7. Andmæli við framkvæmd rafrænnar vöktunar

- 7.1. Komi fram athugasemdir eða andmæli við framkvæmd vöktunar og/eða ábendingar um að hún uppfylli ekki þær kröfur sem gerðar eru í þessum reglum eða lögum, skal hafa samband við persónuverndarfulltrúa LHÍ í gegnum netfangið personuvernd@lhi.is.

Uppfært í september 2025.

Upplýsingar um skjalið

Tegund:	Regla
Útg.d:	2.10.2025
Útgáfa:	1.0
Áb.maður:	Framkvæmdastjóri
Endurskoðun:	[Endurskoðunardagsetning]